

# Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

## Fundur – 14. febrúar 2011

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 14. febrúar 2011, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Jóhann K. Jóhannsson.

### Dagskrá:

#### Dagskrárlíður 1

Ámundakinn ehf. sækir um byggingaleyfi fyrir viðbyggingu á fasteigninni Húnabraut 29, viðbyggingin er 34,2 fm

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt með fyrirvara um að húseigandi uppfylli þær kröfur sem slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi setja um brunavarnir hússins. Byggingaleyfi verður gefið út þegar liðir 1-4 í 13. grein mannvirkjalaga hafa verið uppfylltir.

#### Dagskrárlíður 2.

Önnur mál

1. Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar Blönduósbæjar mætir á fundinn
2. Ný byggingalög
  - Byggingarnefnd.
  - Tillaga um útgáfu byggingaleyfis.
  - Annað
3. Drög að deiliskipulagi Kleifa

#### Afgreiðsla:

1. Yfirmaður tæknideildar, Ágúst Þór, fór yfir fyrirhugaðar nýframkvæmdir í vatnsveitu og fráveitu Blönduósbæjar við Smárabraut. Einnig fór hann yfir framkvæmdir vegna endurnýjunar á heimtaugum við Hólabraut. Ágúst sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum um uppsetningu á rotþróm í dreifbýli. Þá sagði Ágúst frá nýju rafrænu eftirlitskerfi sem verið að er setja í gang. Um er að ræða eftirlitskerfi með fráveitu og vatnsveitu og er hið nýja kerfi tengt eftirlitskerfi sundlaugarinnar.
2. Byggingarfulltrúi fór yfir þær breytingar, sem tóku gildi um áramót á mannvirkjalögum. Einnig var farið yfir hlutverk skipulagsnefnda. Nefndin óskar eftir því við bæjarstjórn að viðeigandi breytingar verði gerðar á verksviði nefndarinnar í samræmi við ný lög um mannvirki, nr. 160/2010.

Farið var yfir tillögur um útgáfu á byggingarleyfum til framkvæmdaraðila. Fyrir liggur form sem Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar notar við sínar afgreiðslur.

3. Frumtillaga Landmótunar um drög að deiliskipulagi Kleifa var kynnt nefndinni.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 19.10

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)  
Valgerður Gísladóttir (sign)  
Hilmar Þór Hilmarsson (sign)  
Haukur Ásgeirsson (sign)  
Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign)  
Þórður Pálsson (sign)

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)